

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um Arnarhólslóðina í Reykjavík. — Með þóknanlegu brjefi frá 18. september f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, er samþykkt var af neðri deild á síðasta alpingi, og er þar skorað á stjórnina að leigja framvegis sjerstaklega Arnarhólslóð í Reykjavík, þannig, að eptirgjaldið eptir hana renni í landssjóð. 4 31. des. 1883.

Í tilefni af þessu er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna, að ráðgjafinn eigi finnur neina ástæðu til að fara eptir tillögu þingdeildarinnar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lagafrumvarp alpingis um sölu á kirkjújörðinni Hömrum í Laxárdal. — Með þóknanlegu brjefi frá 14. sept. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, samþykkt af hinu síðasta alpingi, um sölu á jörðunni Hömrum í Laxárdal í Dalasýslu, sem er eign Sauðafellskirkju, og er ráðgjafanum í lagafrumvarpi þessu gefin heimild til að leyfa eiganda Sauðafells að selja kirkjújörðina Hamra, með þeim kjörum, sem nánar eru tiltekin í lagafrumvarpinu. 5 12. jan.

En með því að það heyrir eigi löggjafarvaldinu til, að veita leyfið til hinnar hjer umræddu afhendingar, en það verður, ef til þess kemur, veitt með konungsúrskurði, eins og venja er til, þá eruð þjer hjer með, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir að gefa prestinum að Sauðafelli, sjera Jakobi Guðmundssyni til vitundar, að ef hann æski maka-skipta þeirra, sem hjer er um að ræða, þá beri honum að senda bónarbrjef þarum til konungs, og láta því fylgja umsagnir hlutaðeigandi yfirvalda.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þakklæti fyrir gjafirnar frá útlöndum 1882 handa bágstöddum Íslendingum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 9. okt. f. á., hefur ráðgjafinn fyrir Ísland, samkvæmt ósk neðri deildar alpingis, skrifað utanríkisráðgjafanum hinn 24. f. m. á þá leið, er meðfylgjandi eptirrit sýnir. 6 12. jan.

Sömuleiðis þótti ráðgjafanum eiga við að senda Sick kammerherra þakkarávarp það, sem einnig fylgir af eptirrit, fyrir þá mikilsverðu hlutdeild, er hann átti í gjafasamskotunum hjer í landi.

Þetta er ekki látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að því við bættu, að ráðgjafinn var áður búinn að hlutast til um það við utanríkisráðgjafann, að prestinum Vermeer í Hollandi væri þakkað sjerstaklega.

### 1. Fylgiskjal.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til utanríkisráðgjafans danska frá 24. desbr. 1883. — Eptir ósk síðasta alpingis er utanríkisráðgjafinn hjer með þjónustusamlega beðinn að leggja fyrir hina konunglegu sendiboða í London og Stokkhólmi, að flytja þeim mönnum á Englandi, í Svíþjóð og Noregi þakklæti stjórnarinnar fyrir Íslands hönd, er tóku þátt í samskotum síðastliðið ár handa bágstöddum Ísendingum.

Með því að hennar konunglega hátign prinsessan af Wales hefur verið svo náð-  
20. d. febr. 1884.

6 ug að vera verndari samskotanefndarinnar í London, leyfir ráðgjafinn sjer að óska þess, að hennar konunglegu hátign sje sjerstaklega vottað pakklæti fyrir þetta á þann hátt, er áljzt bezt við eiga, og að á líkan hátt sje hinum fyrverandi lórðmayor í London, hr. Whittaker Ellis, pakkað fyrir framgöngu hans sem formaður nefndarinnar.

Að endingu lætur ráðgjafinn eigi hjá líða að minnast með sjerstakri viðurkenningu alúðar þeirrar, sem hinn konunglegi sendiboði í London, kammerherra Falbe, hefur sýnt í þessu máli með framgöngu sinni í því.

## 2. Fylgiskjal.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til kammerherra Siek frá 24. desbr. 1883. — Eins og yður, herra kammerherra, er kunnugt, hefur hið síðasta alþingi Íslendinga, í allraþegnsamlegustu ávarpi til hans hátignar konungsins, látið í ljósi pakklæti sitt fyrir hinar rikulegu gjafir, sem síðastliðið ár var safnað hjer í landi handa hinum bágstöddu Íslendingum.

Með því að samskot þau, er hjer áttu sjer stað í nefndum tilgangi, áttu upptök sín hjá yður, herra kammerherra, og þjer með ópreytandi kappi hafið með vinnu og fjárframlagi átt þátt í hinum fagra árangri af fyrirtækinu, áljtur ráðgjafinn það eiga við, að færa yður fyrir Íslands hönd sjerstakar þakkir og viðurkenningu fyrir hina miklu alúð í því er þjer hafið sýnt í þessu máli með framgöngu yðar.

7  
14. jan.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandmælingar. — Með þóknanlegum brjefum yðar, herra landshöfðingi, frá 6. ágúst og 24. september f. á., senduð þjer hingað tvær ályktanir frá alþingi, er samþykktar voru, önnur í neðri deild og hin í báðum deildum, og er þar farið fram á, að mældar sjeu ýmsar sjóleiðir við Ísland. Skrifaði ráðgjafinn útaf þessu sjóliðsstjórninni og bað hana verða svo fljótt, sem auðið væri, við ósk þeirri, er fram væri borin í ályktununum, og hefur hann nú fengið frá henni brjef það, er eptirrit fylgir af.

Þetta er ekki látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

## Fylgiskjal.

Brjef sjóliðsstjórnarinnar dönsku til ráðgjafans fyrir Ísland frá 29. des. 1883. — Hið heiðraða stjórnarráð fyrir Ísland hefur í brjefi frá 24. p. m. sent sjóliðsstjórninni eptirrit af tveimur ályktunum frá alþingi í sumar er leið; er önnur ályktunin frá neðri deild þingsins, og er þar skorað á nefnt stjórnarráð að hlutast til um, að á næsta ári eða svo fljótt, sem auðið er, verði gjörð ráðstöfun til þess, að mældar verði innsiglingar á hafnir á Íslandi, þær sem eru enn ómældar, einkum á Húnaflóa inn að Borðeyri; hin ályktunin, sem samþykkt er af báðum deildum alþingis, inniheldur áskorun um, að hlutast sje til um, að mæld verði uppsiglingin á Hvammsfjörð og þær hafnir, er þar megi áljtast bestar fyrir gufuskip, einkum við Vestliðaeyri og Búdardal.

Jafnframt því ennfremur að láta ályktunum þessum fylgja eptirrit af brjefi frá landshöfðingjanum, hefur hið heiðraða stjórnarráð fyrir Ísland látið þá ósk sína í ljósi, að sjóliðsstjórnin mætti finna ástæðu til, að verða svo sem auðið væri við beiðni þeirri, er fram kemur í þingsályktununum, og er sjerstaklega tekið fram, að bráð nauðsyn sje á, að sjóleiðin inn að Borðeyri verði mæld.